

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 9. mars 2016
UST201602-221/B.S.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Aukin framleiðsla á laxi í Arnarfirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.


Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir mögulegum áhrifum fyrirhugaðs fiskeldi á kalkþörungum á botni Arnarfjarðar. Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda á skýrslu OSPAR, Background Document for Maërl beds, þar sem benta er á að fiskeldi getur haft neikvæð áhrif á kalkþörungum.

Umhverfisstofnun telur að leggja ætti fram drög að vöktunaráætlun eins snemma í matsferli og kostur er. Þar sem fleiri aðilar ráðgera fiskeldi í Arnarfirði telur stofnunin að samræma ætti vöktun þeirra fyrirtækja sem menga í sama viðtaka, þannig að vöktun væri samstillt á þann hátt að sem gleggstar upplýsingar fáiast um heildaráhrif fiskeldisins á viðtakann. Í frummatsskýrslu ætti því að liggja fyrir upplýsingar um það hvaða þætti fyrirtækin áætli að vakta, hvar og hvernig. Koma þarf fram staðsetning sýnatökusvæða. Gera þarf grein fyrir aðferðafræði sýnatökunnar og lýsa því hvernig staðið verður að töku botnsýna og sjósýnatökum. Sýnatökur ættu einnig að vera tímasettar eftir eldissvæðum.

Umhverfisstofnun telur jákvætt hvernig gerð er grein fyrir upphaflífmassa, framleiðslu og heildarlífmassa í umræddri tillögu.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri